

Foreldraráð Núps 2014-2015

5. fundur 09.09.15

Mættar: Svana Kristinsdóttir, Eva Pálsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Hildur Jónsdóttir, Sara Theodórsdóttir og Ingunn Högnadóttir.

Fjarverandi: Aníta Ólafsdóttir

Dagskrá: Ýmis málefni leikskólans

Í upphafi fundar voru hljóðvistarmál rædd en á síðasta fundi foreldraráðs var ákveðið að taka saman upplýsingar úr hávaðamælingu, ráðleggingar um hávaða í umhverfi barna og áhrif hávaða á börn og starfsfólk saman í eina skýrslu og senda til Kópabogsbæjar. Upplýsingarnar voru teknar saman í skýrslu sem leikskólastjóri fékk í hendur og kynnti óformlega á fundi leikskólastjórnenda. Skýrslan hefur ekki verið send Kópavogsbæ enn sem komið er. Á meðan sumarlokun stóð voru þó gerðar endurbætur á hljóðvist leikskólans þar sem hljóðeinangrandi plötur voru settar í loft og niður á vegg í matsal. Einnig eru komnar upp gardínur á deildum og gangi. Þá stendur til að stúka matsalinn enn frekar af frá eldri gangi. Þegar tekist hefur að fullmanna leikskólann er áhugi fyrir því að heimsækja leikskólann Sólborg og kynna sér kennsluhætti sem miða að því að draga úr hávaða. Á fundinum kom upp sú tillaga að það yrði gert á starfsdegi.

Því næst voru starfsmannamál rædd. Mikil starfmannavelta hefur verið á Núpi sl. ár, en tekur leikskólastjóri það þó sérstaklega fram að ástæðu uppsagna megi ekki rekja til óánægju með leikskólann sjálfan heldur hefur fagfólk verið að fylgja áhugasviði sínu og færa sig til í starfi, einhverjir hafa flutt út á land og nokkuð er um barnsburðarleyfi. Eins og staðan er í dag á eftir að ráða í fjórar stöður fyrir veturinn. Daglegt starf er ekki komið í fastar skorður og verður líklega ekki fyrr en er orðið fullmannað.

Að lokum er rætt um bílastæðamál og hliðið á leikskólalóðinni. Starfsfólk og foreldrar eiga í nokkrum erfiðleikum með að finna bílastæði þegar þeir mæta í leikskólann um kl. hálf níu á morgnanna þrátt fyrir að skólaumferðinni hafi verið beint á efra bílastæði Lindaskóla. Ákveðið er að bíða aðeins og sjá hvernig þetta þróast áður en eitthvað verður aðhafst. Þá hafa töluverð vandræði skapast í kring um hliðið við innganginn á Núpi en jafnvel yngstu börnin fara létt með að opna það. Leikskólastarfmenn hafa sínar skoðanir á útfærslu á nýju hliði og hefur verið haft samband við Kópavogsbæ vegna þessa en lítið aðhafst. Foreldraráð mun að öllum líkindum beita sér fyrir nýju hliði hið fyrsta ef mikil bið verður á.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Ingunn Högnadóttir